

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 470/2012

2013/EES/16/44

frá 4. júní 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýdextrósa (E 1200) í bjór (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á pólýdextrósa (E 1200) sem stöðgara í bjór var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Orkuskerfir og lítið áfengir bjórar fá almennt dræmar viðtökur því þá skortir fyllingu og munnfylli (e. *mouthfeel*). Ef pólýdextrósa (E 1200) er bætt við getur það stuðlað að fyllingu og munnfylli og um leið veitt nauðsynlega froðuendingu (e. *foam stability*). Auk þess hefur pólýdextrósi (E 1200) lágt hitaeiningagildi (e. *low caloric value*) og þótt efninu sé bætt við hefur það takmörkuð áhrif á heildarfjölda hitaeininga í bjórnum.
- 6) Pólýdextrósi (E 1200) tilheyrir flokki aukefna sem ásættanleg, dagleg inntaka hefur ekki verið tilgreind fyrir ⁽³⁾. Það bendir til þess að efnið skapi ekki hættu

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 144, 5.6.2012, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Skýrsla frá framkvæmdastjórninni um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu, COM(2001) 542, lokagerð.

fyrir heilbrigði í því magni sem nauðsynlegt er til að ná fram tilætludum tæknilegum áhrifum. Því er rétt að leyfa notkun pólýdextrósa (E 1200) í orkuskerfa og lítið áfengja bjóra.

- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á pólýdextrósa (E 1200) í orkuskerfa og lítið áfengja telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum ⁽⁴⁾, gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun pólýdextrósa (E 1200) í bjór fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar þessa notkun þessa matvælaaukefnis.
- 9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflökki 14.2.1 „bjór og maltdrykkir“ á eftir færslunni fyrir E 1105:

	„E 1200	Pólýdextrósi	<i>efir þörfum</i>		Einungis orkuskerfir og lítið áfengir bjórar	Gildistími: Frá 25. júní 2012 ⁴
--	---------	--------------	--------------------	--	--	---

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 471/2012

2013/EES/16/45

frá 4. júní 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun lýsósíms (E 1105) í bjór (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á lýsósími (E 1105) sem rotvarnarefni í bjór var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Flest brugghús dauðhreinsa bjórin með síun eða gerilsneyða hann til að koma í veg fyrir að hann skemmist af völdum baktería við geymslu fyrir neyslu. Að því er varðar suma sérþjóra eins og yfirborðsgerjaða (e. *top-fermenting*) þjóra með seinni gerjun, t.d. bjór sem þroskast í ámu eða flösku, er slík meðhöndlun ekki möguleg þar eð lífvænlegu örverurnar, sem eru til staðar, eru hluti af framleiðsluferli þessara þjóra. Staðfest hefur verið að lýsósím (E 1105) er hentugt sýkladrepani efni í ölgerð og er áhrifaríkt til að hindra vöxt mjólkursýrugerla sem bætt er í tilbúinn bjór.
- 6) Lýsósím (E 1105) tilheyrir flokki aukefna sem ásættanleg, dagleg inntaka hefur ekki verið tilgreind fyrir ⁽³⁾. Það bendir til þess að efnið skapi ekki hættu fyrir heilbrigði

í því magni sem nauðsynlegt er til að ná fram tilætluðum tæknilegum áhrifum. Því er rétt að leyfa notkun á lýsósími (E 1105) til að rotverja bjór sem er hvorki gerilsneyddur né dauðhreinsaður með síun.

- 7) Samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/84/EB frá 27. ágúst 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni⁽⁴⁾ er lýsósím fengið úr hvítum úr hænueggjum. Egg og afurðir úr þeim eru skráð í III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla⁽⁵⁾. Í samræmi við kröfur fyrrnefndrar tilskipunar skal tilgreina á merkingunum ef þetta ensím er fyrir hendi í bjór.
- 8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á lýsósími (E 1105) sem rotvarnarefni í bjór telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 9) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum⁽⁶⁾ gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun lýsósíms (E 1105) í bjór fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistöðudag að því er varðar notkun þessa matvælaaukefnis.
- 10) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 144, 5.6.2012, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Skýrsla frá framkvæmdastjórninni um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu, COM(2001) 542, lokagerð.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 253, 20.9.2008, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflökki 14.2.1 „bjór og maltdrykkir“ á eftir færslunni fyrir E 962:

„E 1105	Lýsósím	<i>eftir þörfum</i>	Einungis í bjór sem er hvorki gerilsneyddur né dauðhreinsaður með síun	Gildistími: Frá 25. júní 2012 ⁴
---------	---------	---------------------	--	---

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 472/2012

2013/EES/16/46

frá 4. júní 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun glýserólestera af trjárósini (E 445) til prentunar á sælgæti með harðri húð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi til að nota glýserólestera af trjárósini (E 445) sem ýruefni til prentunar á sælgæti með harðri húð var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Með matvælaálitarefnablöndum, sem eru sem stendur fáanlegar og eru notaðar til prentunar á sælgæti með harðri húð, er ekki unnt að ná fram nægilegum gæðum til að prenta texta, kennimerki og myndir. Rannsóknir og þróun hafa sýnt að notkun glýserólestera af trjárósini (E 445), sem ýruefnis í matvælaálitarefnablöndum að stofni til úr vatni, bætir blöndun og festu innihaldsefnanna sem leiðir til einsleitari efnablöndu sem veitir góða festingar- og þekjueiginleika. Þetta auðveldar prentun á hágæðatexta og myndum með mikilli upplausn á sælgæti með harðri húð til persónulegra nota og/eða kynningar fyrir hátíðleg tækifæri.
- 6) Í skýrslu frá framkvæmdastjórninni um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu⁽³⁾ er komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á frekari prófum á

glýserólestera af trjárósini (E 445), þar eð fræðilega inntekið magn, á grundvelli varfærnislegra ályktana um fæðuneyslu og notkun aukefna (aðferðarþrep 1), fór ekki yfir ásættanlega, daglega inntöku. Vísindanefndin um matvæli fastsetti gildi fyrir ásættanlega, daglega inntöku 19. júní 1992⁽⁴⁾. Inntekið magn til viðbótar, sem byggist á nýrri notkun til prentunar á sælgæti með harðri húð, hefur ekki veruleg áhrif á heildarinntöku. Því er rétt að leyfa notkun glýserólestera af trjárósini (E 445) sem ýruefni til prentunar á sælgæti með harðri húð.

- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1331/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á glýserólestera af trjárósini (E 445) sem ýruefni til prentunar á sælgæti með harðri húð telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum⁽⁵⁾, gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun glýserólestera af trjárósini (E 445) til prentunar á sælgæti með harðri húð fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar notkun þessa matvælaaukefnis.
- 9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 144, 5.6.2012, bls. 22. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) COM(2001) 542, lokagerð.

(4) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_32.pdf

(5) Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VÍÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælafllokki 05.2. „annað sөлgæti, þ.m.t. smátölflur sem gefa frískandi andardrátt“ á eftir færslunni fyrir E.442:

„E.445	Glyserólesterar af trjárósini	320	Einungis til prentunar á sөлgæti með harðri húð til persónulegrar nota og/eða kynningar	Gildistími: Frá 25. júní 2012“
--------	-------------------------------	-----	---	-----------------------------------